

Dagur mannréttinda barna

20. nóvember 2020

Kæri skólastjórnandi

Með bréfi þessu viljum við hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi minna þig og kennara skólans á að 20. nóvember ár hvert er Dagur mannréttinda barna. Við hvetjum ykkur til að stuðla að fræðslu um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann dag og mælumst til að notast við tvenns konar verkefni sem þið getið útfært fyrir nemendur ykkar í tilefni dagsins. Annars vegar að hvetja þá til að skrifa sögur og teikna myndir undir yfirskriftinni „Lífið á dögum Covid-19“ og að halda nemendaping í skólanum þennan dag.

Lífið á dögum Covid-19 – Smásögur og myndsköpun

Á dögum Covid-19 höfum við öll fundið fyrir þeirri röskun sem okkar daglega líf hefur orðið fyrir. Þið sem skólastjórnendur og kennarar hafið með starfi ykkar unnið mikið þrekvirki að sjá til þess að líf barnanna hefur náð að halda eins miklum stöðugleika og kostur er á. Í ljósi þessara aðstæðna teljum við mikilvægt að fá innsýn í upplifun barna og ungmenna af þessum óvenjulegum tímum, líðan þeirra og hvaða áhrif þessar aðstæður hafa haft á líf þeirra. Því hvetjum við ykkur til að gefa nemendum ykkar kost á að skrifa sögur og/eða teikna myndir (eða annars konar myndsköpun) til að koma upplifun sinni á framfæri. Þið megið svo gjarnan senda okkur afraksturinn á netfangið barnaheill@barnaheill.is og munum gera sögurnar og myndirnar sýnilegar á vefsíðu okkar.

Nemendaping í skólum

Ein af mörgum leiðum til að stuðla að mannréttindum barna er að setja á fót svokölluð nemendaping. Með þeim gefst börnum kostur á að koma hugmyndum sínum og tillögum á framfæri og hlusta á hvað aðrir hafa að segja. Kennarar geta nýtt sér slík þing sem lið í að vinna með grunnþáttinn lýðræði- og mannréttindi. Við hvetjum ykkur því til að hafa nemendaping í skólanum sem öll börn taka þátt í.

Í ljósi aðstæðna vegna Covid-19 er ef til vill erfiðara að framkvæma slík nemendaping með stórum hópi nemenda þar sem blöndun þeirra er takmörkuð. Þess í stað getið til ef til vill stuðlað að slíku þingi innan minni hópa eftir því hvað kennsluhættir ykkar og aðstæður bjóða upp á, jafnvel á rafrænan máta. Tilvalið getur verið að ræða um áhrif Covid-19 á daglegt líf barna og kalla jafnvel eftir hugmyndum um hvað þau geti sjálf lagt af mörkum og hvernig þeim finnst sjálfum æskilegt að bregðast við í þessum aðstæðum.

Meðfylgjandi eru hugmyndir sem þið getið notað til hliðsjónar við skipulagningu nemendapings og að sjálfsögðu takið þið mið af þeim aðstæðum sem eru í ykkar skóla núna. Við hjá Barnaheillum mælumst til að þið sendið niðurstöður/samantekt af nemendapinginu ykkar á netfangið barnaheill@barnaheill.is Við söfnum niðurstöðunum saman nafnlaust án þess að greina frá hvaða skóla það kemur og við munum koma niðurstöðunum á framfæri beint við menntamála- og dómsmálaráðuneytið sem við erum í beinu samstarfi við sem og önnur ráðuneyti eftir eðli þeirra málefna sem koma fram. Auk þess verða þær sýnilegar á vefsíðu Barnaheilla.

Fræðsla um Barnasáttmálann í skólum

Síðastliðin ár hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi sent bréf til allra skólastjórnenda og hvatt þá til að stuðla að fræðslu fyrir öll börn um Barnasáttmálann á þessum degi. Samtökin hvetja kennara barna á öllum aldursstigum að framfylgja því og festa þennan dag í sessi. Fræðsluefni sem kennarar geta nýtt sér um Barnasáttmálann er m.a. að finna á vefsíðu Barnaheilla á slóðinni <https://www.barnaheill.is/is/starfid-okkar/samstarfsverkefni/dagur-mannrettinda-barna>

Þess ber einnig að geta að nú er unnið að endurgerð vefsíðunnar barnasattmali.is og verður þar mikill fjöldi verkefna fyrir öll aldursstig sem Barnaheill eru að vinna að ásamt Umboðsmanni barna, Unicef og Menntamálastofnun. Þá er Barnasáttmáli kominn út í nýrri prentútgáfu sem hægt er að nálgast hjá Barnaheillum hér: <https://www.barnaheill.is/is/fraedsla/barnasattmalinn>

Af hverju Dagur mannréttinda barna?

Þann 20. nóvember árið 1989 var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Með sáttmálanum sem var svo lögfestur á Alþingi árið 2013 var gríðarlega mikilvægt skref tekið til að tryggja með lögum réttindi barna. Árið 2016 var samþykkt á Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna. Barnaheillum var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Lögð hefur verið áhersla á að hvetja kennara á öllum skólastigum til að fræða börn um réttindi sín á þessum degi, m.a. með því að hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Um Barnasáttmálann

Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims og kveður á um þau réttindi sem öll börn eiga að njóta. Lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla, aðalnámskrár skólastiganna og grunnþættir menntunar eiga jafnframt að tryggja börnum þessi réttindi og vera samhljóma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll börn, óháð stöðu þeirra, skulu njóta þeirra mannréttinda sem kveðið er á um í Barnasáttmálanum og ekki má mismuna börnum hvað þau réttindi varðar.